



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Hjúkrun Fullorðinna 2
HJÚK2TV05
Kennsluáætlun Haustönn 2020

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: taugakerfi, innkirtlakerfi, ónæmiskerfi, stoðkerfi ásamt umfjöllun um smitgát, sár og sárameðferð, verki og verkjameðferð. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

Kennsluefni: Hjúkrun fullorðinna 2.þrep.

Forkröfur: HJÚK2HM05,HJÚK2TV05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum bráðs og langvinnis heilsubreysts á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- á mikilvægi hjúkrunarskráningar
- hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í taugakerfi, innkirtlakerfi, ónæmiskerfi og stoðkerfi
- smitgát, sárum og sárameðferð, verkjum og verkjameðferð
- algengum sáraumbúðum og mismunandi notagildi þeirra
- undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- smitgátarvinnubrögðum
- verkjameðferð annarri en lyfjum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra sjúklinga
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsúþróun og heilsu
- útskýra almennan og sérhæfðan undirbúning og eftirlit sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- nota viðeigandi smitgátarvinnubrögð
- nota mismunandi sáraumbúðir

- útskýra mismunandi verkjameðferðir
- útskýra algengar aukaverkanir meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í að undirbúa skjólstæðinga fyrir rannsóknir og aðgerðir
- geta nýtt sér hjúkrunarskráningu í starfi
- bregðast við breytingum á ástandi sjúklings á faglegan hátt
- sýna smitgát í verki
- miðla upplýsingum um mismunandi verkjameðferðir
- miðla þekkingu sinni í þverfaglegri vinnu.

Námsmat: Vetrarvinna 40%, heimaverkefni, greinaverkefni og tímaverkefni.

Nemandi þarf að skila 90% af vetrarvinnu á tilsettum tíma, til að ná próftökurétti og að hafa lágmark 85% raunmætingu og standast mætingareglur skólans

Lokapróf 60%

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.